

129. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. desember 2012 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Erla Friðriksdóttir boðaði forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 128. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Örnefnaskráning í Dalabyggð

Lögð voru fram gögn um örnefnaskráninguna í Dalabyggð ásamt greinargerð frá Huldu Birnu Albertsdóttur.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd óskar eftir að Náttúrustofa Vestfjarða leggi fram áætlun um hvernig ljúka megi örnefnaskráningu fyrir árið 2012 í samræmi við samning við nefndina.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Pálmi lagði fram fjárhagsstöðu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2012. Breiðafjarðarnefnd samþykkir að ráðstafa af fjárheimild ársins 2012, 1.000.000 kr. í að ljúka verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og 500.000 kr. til Háskólaseturs Snæfellsness vegna vinnu við bækling um hlunnindanýtingu við Breiðafjörð. Að auki 500.000 kr. til Náttúrustofu Vestfjarða vegna örnefnaskráningar í Dalabyggð.

Ástandsskýrsla friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun er að vinna að gerð ástandsskýrslu friðlýstra svæða 2012 og leitar til Breiðafjarðarnefndar vegna upplýsinga um friðlýstu svæðin á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á að þau friðlýstu svæði sem nefnd eru í beiðni Umhverfisstofnunnar eru ekki í umsjón Breiðafjarðarnefndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig vísar nefndin í bréf til Umhverfisstofnunar frá Breiðafjarðarnefnd vegna sömu fyrirspurnar frá fyrra ári. Nefndin vill benda á að gefnir hafi verið út 2 bæklingar; *Náttúra og saga Breiðafjarðar* og *Fuglalíf á Breiðafirði* á íslensku og ensku. Árið 2011 stóð nefndin að gerð upplýsingaskilta um Breiðafjörð sem sett voru upp í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk.

Fundi var slitið kl. 14:30. Næsti fundur er áætlaður 9. janúar 2013.